

# BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 562 6688, FAX 562 9106



*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/2103*

*komudagur 28/5 1996*

Reykjavík, 23. maí 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Vegna breytingatillagna við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignaskatt, 421. mál og frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422. mál vill BSRB að eftirfarandi komi fram:

- Ljóst er að þessar breytingartillögur eru aðeins lagatæknileg tiltekt í ofanefndum frumvörpum. Þær breyta því ekki þeirri staðreynd að til stendur að koma á tvískiptu tekjuskattkerfi. Einu fyrir launafólk og lífeyrisþega með háu tekjuskattshlutfalli og öðru fyrir þá sem hafa tekjur af eignum sem greiða munu lága eða enga tekjuskatta.
- Verði frumvörp þessi að lögum er horfið frá þeirri grundvallarreglu í skattlagningu að skattleggja þegnana eftir greiðslugetu þeirra. Í raun má segja að þessari reglu sé snúið við verði frumvörpin að lögum, því það eru tekjuhæstu einstaklingarnir sem fá yfir helming tekna af fjármagni og munu því koma til með að greiða minnst til samfélagsins. Tvískipting skattkerfisins með þessum hætti þekkist hvergi í hinum siðmenntaða heimi.
- Tvískipt tekjuskattkerfi eins og lagt er upp með í þessum tillögum opnar einnig nýjar leiðir til að skjóta tekjum undan skatti. Eigendur fyrirtækja, fjármagnseigendur og sjálfstætt starfandi aðilar geta ef frumvarpið verður að lögum að mestu komist hjá skattlagningu.
- Í stað þess að gera tillögu um skattlagningu vaxta eins og til var ætlast er með þessum frumvörpum einnig lagt til að létta skatti af arðgreiðslum og söluhagnaði og þannig aukið ójafnræði og óréttlæti í stað þess að draga úr því.

Afstaða BSRB til þessara frumvarpa er því óbreytt frá því sem fram kom í fyrri umsögn bandalagsins. BSRB getur ekki, þrátt fyrir þær breytingartillögur sem fram eru komnar, stutt frumvörpin eins og þau liggja fyrir.

F.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir